



Reykjavík, 16. september 2019  
SFS2019030199  
171. fundur  
HG/img

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi stöðu tillagna um aukinn stuðning við dagforeldra í Reykjavík***

Á 156. fundi skóla- og frístundaráðs, 26. mars 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Hver er staðan á tillögu sem samþykkt var 9. október síðastliðinn varðandi aukinn stuðning við dagforeldra í Reykjavík? Gott væri að fá svörin í þeim 9 liðum sem tillagan er í.*

**Svar:**

Á árinu 2018 skilaði starfshópur skipaður af skóla- og frístundaráði, skýrslu um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu í Reykjavík. Á 145. fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. október 2018 voru 9 tilögur af 11 samþykktar til innleiðingar. Í kjölfarið voru tillögurnar samþykktar á 5531. fundi borgarráðs þann 17. janúar 2019.

**1. Húsnæði vegna daggæslu í heimahúsum**

Reykjavíkurborg stuðli markvisst að því að fjölga þeim dagforeldrum sem starfa tveir saman með því að bjóða þeim húsnæði til leigu undir starfseminu.

*Reykjavíkurborg hefur til umráða ellefu gæsluleikvallarhús í útleigu til dagforeldra. Ellefta húsið sem er við Arnarbakka í Breiðholti var standsett sumarið 2019 gagnert til útleigu til dagforeldra sem hafa tekið við húsinu.*

*Reykjavíkurborg hefur ekki tiltækt meira laust húsnæði, sambærilegt við fyrrum gæsluvallarhús og því þyrfti eignasjóður að fjárfesta í nýjum húsum sem henta starfsemi dagforeldra og koma þeim fyrir á opnum svæðum borgarinnar. Kostnaður vegna hvers húss þ.e. bygging þess og vinna við að setja það niður er áætlaður um 30 milljónir króna. Leiga fyrir slíkt yrði að vera um 213.000 krónur á mánuði sem er umtalsvert hærra en það sem nú er í gömlu gæsluvallarhúsunum. Ekki er gert ráð fyrir að dagforeldrar ráði við slíka leigu og yrði þá skóla- og frístundsvið að niðurgreiða mismun í formi innri leigu. Slíkar fjárfestingar rúmast ekki innan fjárheimilda sviðsins. Af þessum sökum hefur þessi tillaga ekki komist til framkvæmda.*

## 2. Niðurgreiðsla til dagforeldra.

Niðurgreiðsla hækki um 15%. Tekur gildi 1. janúar 2019.

*Komið í framkvæmd.*

## 3. Stofnstyrkur

Veittur verði stofnstyrkur kr. 300.000 til nýrra dagforeldra. Skilyrði verði að dagforeldri starfi í 1 ár, annars komi til endurgreiðslu.

*Reglur um stofnstyrk ásamt umsóknareyðublaði voru samþykkt á 167. fundi skóla- og frístundaráðs 27. ágúst 2019. Reglurnar voru samþykktar á 5555. fundi borgarráðs 5. september 2019. Samþykktin er afturvirk frá janúar 2019. Það sem af er árinu hafa sex dagforeldrar hafið störf sem geta sótt um stofnstyrk. Í fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs eru 3.600.000 kr. áætlaðar vegna þessa.*

## 4. Námsstyrkir og aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra.

- a) Reykjavíkurborg hækki framlög til dagforeldra vegna grunnnámskeiðs fyrir varðandi dagforeldra. Greiddur verði helmingur námskeiðsgjalds grunnnámskeiðs.
- b) Reykjavíkurborg greiði að fullu endurnýjun á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum sem viðurkenndir fagaðilar halda. Hvert dagforeldri fái niðurgreiðslur á 4 ára fresti vegna slysavarnar- og eldvarnarnámskeiða (fyrst 4 árum eftir réttindanámskeið dagforeldra) þar til ný reglugerð liggur fyrir og þá samkvæmt ákvæði reglugerðarinnar. Hefst 2019.

*Niðurgreiðsla vegna grunnnámskeiða er hafin. Reykjavíkurborg greiddi til helminga grunnnámskeið nú í vor kr. 47.500 pr. þátttakanda. Heildarkostnaður vegna grunnnámskeiða það sem af er ári 2019 er 190.000 kr. vegna fjögurra einstaklinga.*

*Varðandi niðurgreiðslu vegna endurnýjunar á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum, þá eru ekki ákvæði um slíkt í núverandi reglugerð um daggæslu í heimahúsum. Gert er ráð fyrir að ákvæði varðandi þessa þætti fari inn við endurnýjun reglugerðar. Í kjölfar þess yrði farið í nánari útfærslu.*

*Þann 30. ágúst 2019 hafði enginn sótt um niðurgreiðslu vegna endurnýjunar. Lagt er til að þar til ný reglugerð verður gefin út verði það á ábyrgð hvers dagforeldris að sækja slysa- og eldvarnarnámskeið og óska í kjölfarið eftir endurgreiðslu frá skóla- og frístundasviði. Greiðslufyrirkomulag hefur verið útfært í samvinnu við fjármálaskrifstofu skóla- og frístundasviðs.*

## 5. Ytra mat á daggæslu og öryggishnappur

- a) Ytra mat á daggæslu verði innleitt með vísan í gæðaviðmið sem þróuð hafa verið í samvinnu við félög dagforeldra
- b) Borgin útvegi þeim dagforeldrum sem starfa einir öryggishnapp. Þjónustan verði boðin út til að tryggja hagstæðustu verð sem völ er á.

*Ytra mat á daggæslu er hafið.*

*Undirbúningur að útboði vegna öryggishnapps er hafinn í samvinnu fjármálaskrifstofu og innkaupadeildar Reykjavíkurborgar. Innkaupadeild*

*Reykjavíkur frestaði útboði til haustsins. Fjármálaskrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur óskað eftir að vinna við útboð hefst hið fyrsta*

## **6. Ríkari upplýsingagjöf um þjónustu dagforeldra**

Gerð verði krafa til dagforeldra um ríkari upplýsingagjöf til foreldra um þjónustu. Vinnist með félögum dagforeldra.

*Ekki hafið. Áætlað að starfshópur fari af stað haustið 2019.*

## **7. Námsefni fyrir verðandi dagforeldra af erlendum uppruna.**

Reykjavíkurborg í samvinnu við félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga, hafi forgöngu um námsefni á grunnnámskeiði vegna daggæslu verði þýtt á ensku og pólsku.

*Tillögunni var vísað til Sambands íslenskra sveitafélaga og haldinn hefur verið einn fundur á vegum Sambandsins vegna tillögunnar.*

## **8. Ráðgjöf og eftirlitsheimsóknir.**

- a) Lagt er til að við endurskoðun á reglugerð um daggæslu verði eftirlit og þjónusta við daggæslu aukin. *Tillögunni hefur verið vísað til félagsmálaráðuneytisins.*
- b) Heilbrigðiseftirlitið veiti starfsleyfi til daggæslu hvort sem um er að ræða að dagforeldri starfi eitt eða að tveir dagforeldrar starfi saman. *Tillögunni hefur verið vísað til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.*
- c) Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðum fari að lágmarki í tvær heimsóknir á ári til dagforeldra, leiðbeini og veiti ráðgjöf. *Setja í verklag vegna vinnu daggæsluráðgjafa. Drög að verklagi eru tilbúin og fundað hefur verið með daggæsluráðgjöfum.*

## **9. Fyrirvaralaus uppsögn.**

Reykjavíkurborg leiti leiða til að verja foreldra fyrir fyrirvaralausri uppsögn dagforeldra.

*Samningur dagforeldris og foreldra um vistun barns er einkaréttarlegur samningur enda þótt skóla- og frístundasvið hafi eftirlit með starfsemi dagforeldra og niðurgreiði vistun barna í daggæslu.*

*Í 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar um niðurgreiðslu vegna daggæslu er fjallað um uppsögn samnings um niðurgreiðslu. Gert er ráð fyrir að dagforeldrar og foreldrar segi samningi um niðurgreiðslu upp skriflega á þar til gerðu eyðublaði með eins mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við 1. eða 15. dag mánaðar. Ekki er niðurgreitt vegna barns í nýrri vistun fyrr en að uppsagnarfresti liðnum, sem stuðlar að því að uppsagnarfrestur dagforeldra sé virtur.*

*Fyrir kemur að dagforeldri segi vistun barns upp fyrirvaralaust, t.d. vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Eins og að framan greinir er Reykjavíkurborg ekki aðili að þeim samningi en í slíkum tilvikum býðst foreldrum að hafa samband við þjónustumiðstöð sem aðstoðar foreldra eftir bestu getu að finna nýtt dagvistunarúrræði. Að öllu jöfnu tekst það, enda þótt skortur á dagforeldrum í einstökum hverfum geti haft þar einhver áhrif.*